

Nd.

142. Breytingartillögur

við frv. til laga um bann gegn landspjöllum af mannavöldum.

Flm.: Emil Jónsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Aftan við 1. gr. laga nr. 28 19. júní 1933 bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hætta af því jarðraski að dómi Búnaðarfélags Íslands og vitamálastjóra.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
2. gr. sömu laga falli niður.
3. Á eftir 2. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (3. gr.) Upphaf 3. gr. sömu laga orðist þannig:
Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkv. 1. málsg. 1. gr., að áhættulaust virðist o. s. frv.
 - b. (4. gr.) Upphaf 4. gr. sömu laga orðist svo:
Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málsg. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitar-sjóð, o. s. frv.
4. Við 3. gr. Greinin verður 5. gr.
5. Aftan við frv. bætist ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi:
Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 28 19. júní 1933, og heiti þeirra verða: Lög um bann gegn jarðraski.
6. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv.